



Öndunarfærasýkingar


Vika 43

23. – 29. október 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga með PCR-prófi í viku 43 voru alls 49 og hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 18%. Er þetta svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 1).



Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 PCR-greininga ásamt hlutfalli jákvæðra prófa frá vetri ársins 2022 til viku 42 2023.


Fjöldi einstaklinga með klíniska greiningu COVID-19 í viku 43 var 53 sem einnig er nokkuð sambærilegt eða heldur minna en undanfarið (Mynd 2).




Mynd 2. Samanburður á vikulegum fjölda PCR-greining og klínískra greininga á COVID-19.

Rhinoveira og aðrar öndunarfæraveirur

Svipaður fjöldi greindist með rhinoveiru (kvef) í viku 43 líkt og í vikum 40–42 (Mynd 3). Hlutfall jákvæðra öndunarfærasýna af greindum sýnum var einnig svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 4).



Mynd 3. Vikulegur fjöldi rhinoveiru-greininga frá vetri 2022.




Mynd 4. Vikulegur fjöldi öndunarfærasýna og hlutfall jákvæðra sýna frá vetri 2022. COVID-19 próf ekki meðtalin.

Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufraeðideildar Landspítala](#).

Inflúensa og RSV


Heldur fleiri eða 8 greindust með staðfesta inflúensu í viku 43 samanborið við undanfarnar vikur (Mynd 5). Öll tilfelli inflúensu í þessari viku voru af týpu A. Of snemmt er að segja hvort þetta sé byrjun á inflúensufaraldri vetrarins. Fjórir greindust með RSV (RS-veirusýkingu).



Mynd 5. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í haust og síðastliðin tvö ár samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Innlagnir á sjúkrahús

Fjórir einstaklingar voru innliggjandi með inflúensu en annars var tíðni öndunarferasýkinga á Landspítala í viku 43 svipað og undanfarnar tvær vikur. Flestir innliggjandi eru með COVID-19 (Mynd 6).



Mynd 6. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarferasýkingar frá hausti 2022 til viku 42 2023. Gögn fengin frá Landspítala.

Samantekt

Tíðni öndunarfærasýkinga um þessar mundir er nokkuð stöðug og af völdum mismunandi veira. Heldur fleiri greindust með staðfesta inflúensu í viku 43 samanborið við vikurnar á undan eða 8 tilfelli. Faraldur inflúensu er þó ekki farinn af stað. Fjórir greindust með RSV. Algengustu orsakir öndunarfærasýkinga eru eins og áður rhinovveira og COVID-19.

Staðan í Evrópu

Árlegur faraldur inflúensu eða RSV er ekki hafinn. Í viku 42 samanborið við viku 40 er inflúensa enn í lágmarki, RSV er að aukast meðal barna. COVID-19 tilfelli eru áfram algengust. Í um helming Evrópulanda er fjölgun á COVID-19 tilfellum í eldri aldurshópum. Engin breyting hefur orðið á ríkjandi afbrigðum SARS-CoV-2.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Notaða grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

